

Nei.

DAGBLAÐ ÍRÍKISJOPPUNNAR. nr. 7 MIÐ 22. okt. 2008.
dagbladidnei.blogspot.com, dagbladidnei@gmail.com

BYLTINGARÁSTAND

Það er byltingarástand á Íslandi. Um alla Reykjavík hóar fólk sig nú saman á það sem er freistandi að kalla sellufundi – hefðbundin kaffisamsæti eru það ekki, þó þau gætu litið ósköp saumaklúbbslega út á ljósmynd. Köllum þetta saumaklúbba – þeir spretta og spretta. Óformlegir sem aldrei fyrr og umræðuefnið í öllum hornum samfélagsins er aðeins eitt: Hvað er að fara að koma fyrir okkur og hvernig bregðumst við við?

Á síðasta blaðamannafundinum sem Geir H. Haarde hélt á meðan erlendar sjónvarpsstöðvar voru hér svo hann sá sig knúinn til að tala við almenning, þakkaði forsætisráðherrann Íslendingum fyrir að hafa haft sig hljóða frá fyrstu fréttum af þjóðnýtingu, hann þakkaði landsmönnum fyrir að bregðast ekki við með neinum hávaðalátum, því „þá vitum við öll hvernig hefði getað farið“ sagði hann. Í fyrsta lagi virtist Geir þannig gefa til kynna að ef við hefðum hreyft mótmælum, verið með læti, þá hefðu hlutir farið einhvern veginn verr en lítur nú út fyrir. Í öðru lagi er alls ekki ljóst við hverju hann eða ráðunautar hans bjuggust, kannski fannst stjórnvöldum þegar vera stætt á byltingu og að það hlyti að koma til mógæsingar. Kannski voru þau strax fyrir tíu dögum síðan beinlínis hissa á að þeim væri enn sætt – ef til vill var bylting Plan A, og þegar það brást hafa þau þurft að leika af fingrum fram?

Ókei: Við klúðrum þessu alveg, þau hrinda okkur úr stóli, við flýjum land, sækjum einhvers staðar um pólitískt hæli – þú gekkst frá reikningnum á Cayman, er það ekki. Olræt, af stað!

Ok svo kom engin bylting. Geir ræksti sig og þakkaði fyrir en hugsaði þjóðinni þegjandi þörfina.

En Íslendingar eru dagfarsprúðir. Ég tók í dag viðtal við Adrienne Heijnen, mannfræðing frá Hollandi, sem hefur síðustu tvö ár unnið að rannsókn á íslensku útrásinni, og menningunni kringum svonefnda „útrásarvíkinga“. Viðtalið mun birtast síðar, mér gafst ekki tóm til að vinna úr því strax. Hún tók undir það að á Íslandi væri byltingarástand en dró upp úr tösku myndavélina sína og fletti upp mynd sem hún sýndi mér. Myndin er af lágmynd eftir Einar Jónsson myndhöggvara, sem stendur í stöplinum undir styttunni af Jóni Sigurðssyni við Austurvöll. Þar fer einn maður fyrir hóp af fólki, og ryður bjargi úr veginum, af miklu heljar móð – þetta er kraftmikil stytta. En á bakvið hann stendur þessi hópur, hníptur, kyrr, niðurlútur – það væri meira að segja ofsögum sagt að hann bíði, í holningu fólksins verður ekki einu sinni vart eftirvæntingar, það bara stendur. „Þessi skúlptúr fjallar um þjóðernishreyfinguna að sjálfsgöðu,“ sagði

Adrienne, „en það sem mér finnst svo týpískt fyrir Ísland er að þarna er einn athafnamaður – fólkið stendur bara hjá. Það er svo mikil fjarlægð hér milli elítu og fólksins.“ Meiri hér en í Hollandi eða Englandi, til dæmis, spurði ég hana. „Já,“ svaraði hún með þunga. „Já. Fólk er ekki vant að mótmæla. Það er svo mikil hræðsla í samfélaginu. Ættartengsl eru ríkjandi á Íslandi og þessi sósíal strúktúr gerir erfitt að standa upp og segja nákvæmlega hvað maður meinar.“

Við munum ekki greiða skuldirnar sem hefur verið stofnað til fyrir okkar hönd. Þar hafði Davíð Oddsson svo hneykslanlega rétt fyrir sér: Við borgum þær ekki því að við getum það ekki. Svo bætti hann við: og því það er ekki réttlátt. En það er alveg sitt hvor sagan að lyppast niður undan þessari byrði síðar meir, eða rísa upp gegn henni núna.

Hvernig getur íslensk bylting litið út? Hún hefur aldrei átt sér stað? – Auðvitað ekki: bylting er samkvæmt skilgreiningu það sem hefur aldrei átt sér stað.

Bylting er það sem er ekki hægt en verður samt, þegar maður stendur frammi fyrir því ómögulega.

Við verðum.

Við verðum að rísa upp. Við kunnum það ekki, við getum það ekki, okkur finnst það lopapeysulegt, okkur var kennt sem börnum að það sé ljótt að verða reiður, okkur var kennt í skóla að það væri asnalegt að hafa sig í frammi við yfirvaldið, bjálfalegt að gjamma – og það stendur meira að segja í Hávamálum: opnaðu ekki munninn því þá hættirðu á að gera þig að fífla. – En ætlum við að sigla okkur og börnunum okkar í kaf til að hætta ekki á að gera okkur að fífla? Sökkva okkur, án þess að segja múkk, af grunnskólalegri spéhæðslu?

Næst þegar er boðað til mótmæla skal hver kjaftur sem er ósáttur mæta, hvernig sem mótmælaboðunin er orðuð og hver sem orðar hana. Öll tiltekin orðun í svona ástandi, á svona ástandi, er ófullnægjandi, hún missir alltaf marks, því hvort sem er bent á Davíð eða Geir eða ríkisstjórnina eða bankana eða Bretana eða Friedman – þá er það aldrei allt og sumt. Það er aldrei nóg, missir alltaf marks. Við erum stödd í tráma því allt heila viðmið samfélagsins síðasta aldarfjórðung, það datt. Öll orðin hafa nú holan hljóm. Næst þegar er boðað til mótmæla skal hver kjaftur mæta og tala þá sjálfur ef aðrir segja ekki nóg – biðja um orðið eða öskra sig hásan – mæta með skilti – gera mótmælin að sínum eigin. Sum okkar munu sprejja skiltin sín, önnur prenta þau út í Times New Roman – einhverjar verða með hendur í vösum, aðrir syngja kúmbæja og leiðast og enn aðrir steyta hnefa. En ríkisstjórnin þarf engan að hlusta á, á meðan við sitjum öll við lykllaborðin og bloggum.

Við þurfum ekki að skammast okkar hvert fyrir annað. Við þurfum að finna leið til að láta finna fyrir okkur, leið sem samræmist skapgerðum okkar og lundarfari. Ein leið væri einfalt, algert verkfall: að segist ríkið ætla að semja um þessa kosti fyrir okkar hönd, mæti enginn í vinnuna. Við þurfum að hrópa hátt og snjallt fólk jú svo theyrir yfir dali og fjöll. Og við þurfum að treysta hvert öðru, að þegar við hefjum upp raust hrópi ekki einn maður eða ein kona heldur hundrað þúsund svo dynji í fjöllunum, svo dynji í Sedlabankanum, og Stjórnarráðinu og svo dynji yfir sæstrenginn og hafði.

Egill, gakkstu fremstur. Orðaðu mótmælin hvernig sem þú vilt. Ég lofa að mæta og taka vini mína með.

GÆSLAN Enginn fjölmiðill fékkst til að birta fréttatilkynningu sem Framtíðarlandið sendi frá sér fyrir tíu dögum síðan, um skuldastöðu tveggja stærstu orkufyrirtækja landsins í opinberri eigu, sem saman skulda um 550 milljarða króna erlendis. Enda stunda íslenskir fjölmiðlar nú ekki fyrst og fremst upplýsingagjöf heldur það sem erlendis heitir „crowd control“, og er yfirleitt í verkahring lögreglu. Tilkynninguna má finna á framtidarlandid.is. Skýrsla þar sem hagfræðingar sýna hvernig skattbyrði lágláunafólks jókst á meðan hliðrað var fyrir bönkunum

með lækkun skatta á fjármagnstekjur og fyrirtæki – var ekki kynnt með pompi og prakt þegar henni var skila til Fjármálaráðuneytisins sem pantaði hana, heldur grafin í kyrrþey á þessari vefslóð: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/adarskyrslur/Islenka-skattkerfid-samkeppnishafni-og-skilvirkni.pdf>. „Aðrar skýrslur“ nema hvað. Hafi blaðamenn áhuga er niðurstöðurnar að finna á bls. 90-92. En kannski er ekki samfélagslega ábyrgt að fjalla um svona lagað núna – að hagstjórn síðustu ára hafi ekki bara verið katastrofískt vond heldur óréttlátt.

